

## 66. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 5.10. 2021, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson. Sveitarstjóri var forfallaður vegna veikinda. Undir lið 1. var mættur Ingimar Jóhannsson, undir lið 2. var mættur Björn Sveinsson og undir lið 5. var Kristinn Bjarnason, lögfræðingur sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.

### Dagskrá:

1. Endurskoðuð kostnaðaráætlun göngubrúa yfir Hengifossá. Gestur er Ingimar Jóhannsson verkfræðingur.
2. Hreinsunarbúnaður frárennslis við Végarð.
3. Ársreikningar Laugargarða ehf. 2020
4. Fundargerðir:
  - a. Fundargerð byggingarnefndar 24.9.2021 og álit um minjavernd
  - b. Fundargerð stjórnar Árssala 30.9.2021
  - c. Fundargerð svæðisskipulags 8.9.2021, minnisblað og starfsreglur
  - d. Fundargerð almannavarna 20.9.2021
5. Skipulags og matslýsing byggðakjarna á Hjarðarbóli
6. Samningur um veghald við Hengifoss og minnisblað um fyrirkomulag
7. Samningur um orkuskipti
8. Fjárbeiðni Ferðafélags Fljótsdalshéraðs
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál

### **1. Endurskoðuð kostnaðaráætlun göngubrúa yfir Hengifossá. Gestur var Ingimar Jóhannsson verkfræðingur.**

Ingimar fór yfir hönnunina á tveimur fyrirhuguðum göngubrúum yfir Hengifoss. Samanlögð lengd þeirra er 31,3 metrar og áætlaður kostnaður við bygginguna er um 15.000.000 kr. með virðisaukaskatti. Sveitarstjórn er sammála um að fara í framkvæmdina og sveitarstjóra falið að hafa sambandi við verktaka og fá tilboð í efni. Sveitarstjórn hefur þó ekki ákveðið hvort á efri

brúnni verði handriði úr timbri eða járn, það mun skýrast mjög fljótlega. Framkvæmdasjóður ferðamanna styrkir framkvæmdina.

## **2. Hreinsunarbúnaður frárennslis við Végarð.**

Björn Sveinsson fór yfir möguleika sem fyrir hendi eru varðandi rotþróarmál í Végarði og tjaldstæðið, en núverandi rotþró annaði ekki þeim fólksfjölda sem var á svæðinu í sumar og hefur ekki enn þá komist í lag. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og finna skynsama og hagkvæma lausn til frambúðar. Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

## **3. Ársreikningar Laugarða ehf. 2021**

Stjórn skrifaði undir ársreikning, en í henni situr sveitarstjórn.

## **4. Fundargerðir:**

- a. Fundargerð byggingarnefndar 24.9.2021 og álit um minjavernd Sveitarstjórn samþykkir að gefa út byggingarleyfi vegna brúasmíði fyrir Hengifossá (liður 2. í fundargerð) og staðfestir ákvörðun Byggingar og skipulagsnefndar um starfleyfi fyrir Hörð Guðmundsson (liður 5. í fundargerð). Að öðru leiti er fundargerðin samþykkt.
- b. Fundargerð stjórnar Árssala 30.9.2021  
Kynnt.
- c. Fundargerð svæðisskipulags 8.9.2021, minnisblað og starfsreglur Sveitarstjórn samþykkir starfsreglur svæðisskipulagsnefndarinnar og sveitarstjóra falið að skrifa undir þær. Að öðru leiti var fundargerð kynnt.
- d. Fundargerð almannavarna 20.9.2021  
Kynnt.

## **5. Skipulags og matslýsing byggðakjarna á Hjarðarbóli**

Lögð eru fram drög að skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030 og nýs deiliskipulags fyrir íbúðabyggð í landi Hjarðarbóls unnin af verkfræðistofunni Eflu, kynnt og afgreidd á fundi byggingar- og skipulagsnefndar Fljótshrepps þann 24. september sl.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir framlögð drög sem skipulags- og matslýsingu sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til kynningar og samráðs í samræmi við tilgreind lagaákvæði.

Gunnþórunn lagði fram eftirfarandi bókun: Ég er ekki samþykk fyrirbyggjandi skipulagslýsingu fyrir byggðarkjarna á Hjarðarbóli og endurtek tillögu mína um að skipulagið eigi að gefa rými fyrir minniháttar starfsemi, auk íbúðabyggðar og að hluti skipulagssvæðisins verði skipulagt fyrir frístundabyggð.

## **6. Samningur um veghald við Hengifoss og minnisblað um fyrirkomulag**

Kynnt.

## **7. Samningur m orkuskipti**

Kynnt

## **8. Fjárbeiðni Ferðafélags Fljótsdalshéraðs**

Samþykkt að styrkja Ferðafélagið um 25.000 kr..

## **9. Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri er forfallaður vegna veikinda

## **10. Önnur mál**

Sveitarstjóri og oddviti fara á fjármálaráðstefnu í lok vikunnar og sveitarstjórn samþykkir að oddviti fari með atkvæði Fljótsdalshrepps á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, á aðalfundi jöfnunarsjóðs, aðalfundi orkusveitarfélaga og fundi minni sveitarfélaga.

Gunnþórunn benti á að uppfæra þarf samþykktir sveitarfélagsins varðandi heimildir til fjarfunda og ýmis önnur úrelt atriði.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Fundi slitið klukkan 17:10